

# Samtíðarmaður

Aðalsteinn Jónsson, útgerðarmaður á Eskifirði:

## „Bjartsýnin verður aldrei frá mér tekin“

Fimmti hver Eskfirðingur starfar hjá fyrirtækjum hans yfir háannatímamann

Fáir Íslendingar síðari ára, sem fást við útgerð og fiskverkun eru jafn þekktir og Aðalsteinn Jónsson, útgerðarmaður á Eskifirði. Hann hefur verið einstaklega framtakssamur í útgerðarmálum, „en líka haft heppnina með sér“, eins og hann orðar það. Hann var ungur þegar hann hóf þátttöku í útgerð, og dirfska og bjartsýni ásamt dugnaði hafa gert hann að einum umsvifamesta útgerðarmanni og fiskverkanda á landinu. Til marks um það má benda á, að umsetning fyrirtækja Aðalsteins og Kristins bróður hans var í fyrra um einn milljarður króna, en það er um 1 milljón á hvern íbúa Eskifjarðar, sem eru rúmlega 1000 talsins, og launagreiðslur námu yfir 200 milljónum króna. Ásamt rekstri fyrirtækja sinna hefur Aðalsteinn tekið þátt í fjölmörgum störfum fyrir sjávarútveginn.

Aðalsteinn er fæddur 30. janúar 1922 í Eskifjarðarseli, er þá var í Reyðarfjarðarhreppi. Aðeins sex ára að aldri missir hann föður sinn, Jón bónda Kjartansson, og þá flytur móðir hans, Guðrún Þorkelsdóttir „út í bæ“, eins og kallað var. Þar elzt Aðalsteinn upp ásamt systkinum sínum við mikla fátækt. Hann var við sjó fram eftir aldri, og rær m. a. frá Sandgerði, Hornafirði, Hafnarfirði og að sjálfsoðu Eskifirði.

Þegar Frjáls verzlun heimsótti Aðalstein fyrir stuttu, var hann fyrst spurður hvenær hann hafi hafið útgerð.

**Aðalsteinn:** Minn þáttur í útgerðarmálum hófst með því, að ég, Hilmar Bjarnason, Þórlindur Magnússon og Kristmann bróðir minn gerum út aflaskipið Björgu SU-9. Þórlindur var skipstjóri og aðalmaður. Hann var sérstakur afla- og dugnaðarmaður og bróðir Sigurðar Magnússonar á Víði SU, og kannast efalaust margir við þá bræður. Þessi útgerð hófst 1946, og áttum við þennan bát saman í 4 ár. Er hér var komið sögu vildi ég kaupa annað



Aðalsteinn Jónsson ásamt einni elztu starfsstúlkunni í frystihúsinu á Eskifirði, Þórdísi Guðjónsdóttur.

skip, en samkomulag varð ekki um það, og upp úr því slitnaði upp úr þessari félagsútgerð. Nú var ákveðið að skipta útgerðinni, og dregið um hverjir yrðu saman. Ég lenti með Þórlindi, en þegar á reyndi vildi Þórlindur frekar vera einn, því ég

hafði þá jafnframt útgerðinni gerst verkstjóri við frystihúsið hér á Eskifirði. Þeir Hilmar og Kristmann fengu bátinn í sinn hlut, og var hann gerður út frá Eskifirði í mörg ár eftir þetta, og var ætíð mikið afla- og happaskip.